

Verk B, Endurbætur á hóteli.

Hér á eftir koma kaflar fyrir teppi og veggfóður úr verklýsingu fyrir endurbætur á hóteli. Þetta er hótél á þremur hæðum með 270 herbergjum. Herbergi, gangar, stigar og ráðstefnusalir eru teppalagðir. Á veggjum herbergja og göngum er veggfóður. Gert er ráð fyrir að böð og andyri sé lagt flísu og er því sá kafli verklýsingar ekki til umfjöllunar hér.

1 Gólfteppi

Gólfplötur og stigar eru staðsteyptir upprunalegir byggingahlutar. Í verkinu felst lögn á teppi og undirlagi á 270 herbergi, ganga, tvo stiga að breidd 2m upp þrjár hæðir (samtals 120 þrep) og ráðstefnu og fundarrými. Í andyri eru 6 stk sveigðar 10m langar tröppur. Á göngum, ráðstefnu og fundarrýmum er gert ráð fyrir að munstra saman teppi af fleiri en einum lit¹. Teikning yfir teppalögn sýnir skiptingu efna milli rýma. Áætlaðar megin magntölur verks²:

Undirvinna undir teppi	5.300 m ²
Teppalögn	5.300 m ²
Teppalistar <Hæð í cm> á vegg	4.400 lm
Tröppur (120stk*2 lm + 6stk*10lm)	300 lm

Við alla vinnu skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda teppis, undirlags og fylgiefna um undirbúning og framkvæmd. Verktaki skal, í samráði við byggingarstjóra, halda utan um efni með þeim hætti að gæði þess rýni ekki á verktíma. Verkstað skal hafa snyrtilegan og á verktaki, í samráði við byggingastjóra, að sjá til þess að aðgengi annarra sé ekki skert að óþörfu vegna vinnu hans eða annarra aðfanga sem honum fylgja. Allt gólfefni skal lagt af fagmönnum.

1.1 Undirvinna undir teppi

Ástand gólfa undir núverandi gólfefnum sem eiga öll að fjarlægjast er ekki þekkt.

Teppalagningaverktaki mun taka við gólfum afrifnum ásamt því að búið verður að gróffylla með steypu/viðgerðarmúr í nýjar lagnaleiðir og úrtök í gólfi. Ekki er gert ráð fyrir heilspörtlun gólfa eða stiga heldur tilfallandi sprungu- og holufyllingum ásamt slípun misfella og hryggja í gólfum sem vænta má að geti komið fram í teppi eftir að það er lagt.

Greitt er fyrir hvern fermetra undirvinnu gólfa og er innifalið, efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn.

¹ Þegar verki sem þessu er lýst í stuttum texta er mikilvægt að minnast á, líkt og með stiga, að lögn feli í sér munstrun.

² Yfirlit er ekki nauðsynlegt í verklýsingu en er sett fram hér sem dæmi um verkþætti í magntöluskrá.

1.2 Teppalögn

Teppi skal vera af gerð <Framleiðandi, tegund, litanúmer, þykkt> og litaskipting skal vera skv. teikningu <Nr. Teikningar>. Undirlag skal vera af gerð <Framleiðandi, tegund, litanúmer, þykkt> og á að lima uundir teppi allstaðar. Gerð er rík krafa um að gengið sé frá teppasamkeytum með þeim hætti að þau verði sem minnst greinanleg, rakni ekki upp eða losni. Haga skal legu samskeyta að þau þveri gönguleiðir sem minnst og séu á ekki á þar sem búast má við miklu álagi. Teppi og undirlag skal líma með viðeigandi lími og í nægjanlegu magni skv. tilmælum framleiðanda. Árangur af límingu skal vera með þeim hætti að lögn sé og haldist föst við væntan ágang og aðstæður. Þar sem teppi skerst ekki upp að vegg, innréttingu eða öðru naglföstu heldur endar við opna brún eiga teppakantar að vera faldaðir.

Greitt er fyrir hvern fermetra teppis sem er lagður og er innifalið lögn undirlags, efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn.

1.3 Gólflistar úr teppi

Gólflistar úr teppi skulu vera af sömu tegund og litanúmeri og dúkur á gólfi. Gólflistar eiga að vera <Hæð í sentimetrum>. U.þ.b. helmingur gólflista er felldur í rafmangsrennur sem liggja með gólfi en afgang þarf að falda efribrún með þræði í sama lit og teppi.

Greitt er fyrir hvern lengdarmetra teppa gólflista sem er lagður og er innifalið földun, efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn.

1.4 Teppalögn á tröppur

Teppi skal vera af gerð: <Framleiðandi, tegund, litur, vörunúmer> og á að leggja á ofan- og framstig ásamt undirlagi. Teppi á að vera heilt yfir tröppubrúnir nema í sveigðum tröppum þar á að festa stiganeft úr áli af gerð: <Framleiðandi, tegund, litur, vörunúmer>. Þar sem teppi skerst ekki upp að vegg, innréttingu eða öðru naglföstu heldur endar við opna brún eiga teppakantar að vera faldaðir.

Greitt er fyrir hvert stykki tröppu og er innifalið efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn. Ath lögn á stigapalla fellur undir greiðslulið 1.2 Greitt er fyrir hvern fermetra undirvinnu gólfa og er innifalið, efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn.

Teppalögn.

2 Veggfóður

Í verkinu felst lögn á veggfóðri á 270 herbergi og á herbergisganga. Teikning yfir veggfóður sýnir skiptingu efna milli rýma. Áætlaðar megin magntölur veggja sem eiga að veggfóðrast er 10.300m².

Við alla vinnu skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda veggfóðurs og fylgiefna um undirbúning og framkvæmd. Verktaki skal, í samráði við byggingarstjóra, halda utan um efni með þeim hætti að gæði þess rýrni ekki á verktíma. Verkstað skal hafa snyrtilegan og á verktaki, í samráði við byggingastjóra, að sjá til þess að aðgengi annarra sé ekki skert að óþörfu vegna vinnu hans eða annarra aðfanga sem honum fylgja. Allt veggfóður skal lagt af fagmönnum. Helstu magntölur verks eru:

Undirvinna grófpússaðra veggja	2.950 m ²
Undirvinna gifsveggja	7.300 m ²
Veggfóðrun	10.250 m ²

Frávik í magntölum

Undirlagspappír á gifsveggi	7.300 m ²
-----------------------------	----------------------

2.1 Undirvinna undir veggfóður

Veggir eru grófpússaðir (c.a. 30%) eða klæddir nýjum gifsplötum (ca. 70%). Gert er ráð fyrir að eðli undirvinnu taki mið af gerð veggjar og því skipt í tvennt. Árangur af undirvinnu undir veggfóður skal vera með þeim hætti að áferð veggfóðurs verði hnökralaus í öllum birtuskilyrðum.

2.1.1 Undirvinna grófpússaðra veggja

Veggi skal steinrífa sprungu- og holufylla með viðgerðaefni og að lokum leggja undirlagspappír sem á að slípa fyrir lögn veggfóðurs.

Greitt er fyrir undirvinnu hvers fermetra grófpússaðs veggs og er innifalið efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn.

2.1.2 Undirvinna gifsveggja

Undirvinna gifsveggja felur í sér felur í sér slípun, hreinsun og alla nauðsynlega spörtlun með fínkorna spartli til að krafa um áferð veggfóðurs sé náð. Pappírsborða skal spartla í öll samskeyti gifs.

Greitt er fyrir undirvinnu hvers fermetra gifsveggs og er innifalið efni og verkfæri til að fullgera verkliðinn.

Komi í ljós við upphaf límingar veggfóðurs að nauðsynlegt reynist að leggja undirlagspappír á gifsveggi einnig skal verktaki leita samþykkis verkkaupa áður. Verktaki skal gefa einingaverð per fermetur í lögn undirlagspappírs ásamt efni til að fullgera þann verklið til viðbótar við áðurgreinda undirvinnu á gifsveggi í frávíkkafla <númer kafla í magntöluskrá> magntöluskrár.

2.2 Veggfóðrun

Verkkaupi leggur til verksins ómunstrað veggfóður er af gerð < Framleiðandi, tegund>. Veggfóðrið er í <breidd x lengd> rúllum og afhendist verktaka á verkstað. Gert er ráð fyrir 3% rýrnum í afskurði og þarf verktaki að sýna fram á með sannanlegum hætti umfram efnisþörf ellega kosta hana sjálfur. Litaskipting skal vera skv. teikningu <Nr. Teikningar>. Gerð er rík krafa um að gengið sé frá samkeytum með þeim hætti að þau verði sem minnst greinanleg.

Greitt er fyrir lögn hvers fermetra veggfóðurs sem er lagður og er innfalið allt efni, utan veggfóðurs, og verfæri til að fullgera liðinn.